

FUNDARBOÐ

**268. fundur Sveitarstjórnar Borgarbyggðar
verður haldinn í fundarsal að Digranesgötu 2, fimmtudaginn 11.
september 2025 og hefst kl. 16:00**

Dagskrá:

Almenn mál - umsagnir og vísanir

9. 2301040 - Stuttárbotnar - Húsafell 3 L134495 - Deiliskipulag

Afgreiðsla 78. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd felur skipulagsfulltrúa að klára yfirferð á þeim lagfæringum sem gerðar voru á tillögunni í kjölfar athugasemda Skipulagsstofnunar og leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagt deiliskipulag skv. 42. gr. skipulagslaga 123/2010 með þeim lagfæringum sem gerðar hafa verið sem breyta þó ekki auglýstri tillögu í grundvallaratriðum. Samþykkt samhljóða."

Almenn mál

1. 2501024 - Jarðskjálftavirkni við Grjótárvatn

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 717: "Byggðarráð þakkar Almannavarnanefnd og öðrum sem stóðu að fundinum fyrir góðan fund og upplýsandi umræður. Skjálftavirkni í Ljósufjallakerfinu við Grjótárvatn bendir til að kerfið sé vaknað til lífsins þó full óvissa sé um hvort og þá hvenær kvika nær til yfirborðsins. Þetta er nýr veruleiki fyrir íbúa og gesti við Ljósufjallakerfið og sérstaklega nærri Grjótárvatni. Borgarbyggð leggur áherslu á þétt samstarf sveitarfélaga á Vesturlandi innan Almannavarnanefndar. Byggðarráð fagnar því að búið er að taka skref til aukinnar vöktunar á svæðinu. Þá hvetur byggðarráð fjarskiptafélög og yfirvöld fjarskiptamála til að taka sem fyrst stór skref í að styrkja fjarskiptasamband í byggð og á helstu ferðamannaslóðum."

2. 2508285 - Farsímasamband í Hítardal

Fjallskilanefnd Hítardalsréttar skorar á sveitastjórn Borgarbyggðar að beita sér fyrir því að komið verði á farsímasambandi í Hítardal eins fljótt og auðið er. Þar með eykst öryggi leitarmanna til muna ef til neyðarástands kemur.

3. 2508108 - Samstarfsyfirlýsing HVE og SSV um mannauð og starfsstöðvar

Afgreiðsla af fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 717: "Byggðarráð fagnar samstarfsyfirlýsingu HVE og SSV og tekur heils hugar undir þá stefnu og markmið sem þar koma fram. Í anda yfirlýsingarinnar hvetur byggðarráð HVE, heilbrigðisráðherra og ríkisstjórn til að halda áfram þeim endurbótum sem hafnar eru á starfsstöð HVE í Borgarnesi og annars staðar á Vesturlandi."

4. 2409047 - Brákarbraut 25, gamla sláturhúsið - áætlun um niðurrif

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 718: "Nú liggur fyrir heildarkostnaður við niðurrif á Brákarbraut 25 og 27 og ljóst að um töluverðan viðbótakostnað er að ræða. Mikið af framkvæmdum eru yfirstandandi í sveitarfélaginu og því mikilvægt að sýna aðhald og gott eftirlit með fjárhag sveitarfélagsins. Byggðarráð telur æskilegast að kláraður verði fyrri áfangi verksins og beðið verði með frekara niðurrif að sinni. Hlynur Ólafsson verkefnastjóri á skipulags- og umhverfissviði sat fundinn undir þessum lið. Samþykkt samhljóða."

5. 2509076 - Farsældarráð Vesturlands

Framlögð drög að samstarfsyfirlýsingu og verklagsreglum um svæðisbundin samráðsvettvang.

6. 2212062 - Ugluklettur - Stækkun

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar bnr. 718: "Byggðarráð samþykkir tilboð frá Borgarverki að fjárhæð 9.308.496 kr. dags. 26. ágúst 2025 enda er verkið nánast á pari við kostnaðaráætlun. Hlynur Ólafsson verkefnastjóri á skipulags- og umhverfissviði sat fundinn undir þessum lið. Samþykkt samhljóða."

7. 2401233 - Snjómokstur í dreifbýli- Útboð 2025

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 719: "Opnunarskýrsla framlögð og sveitarstjóra falið að vinna málið áfram. Samþykkt samhljóða."

8. 2509019 - Hverfahleðslur On 2025 - samningur

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 719: "Byggðarráð samþykkir samninginn fyrir sitt leiti og leggur til við sveitarstjórn að staðfesta hann. Sveitarstjóra falið að undirrita samninginn. Samþykkt samhljóða."

10. 2402234 - Jarðlangsstaðaland - Langárbyrgi L177317 - Nýtt deiliskipulag

Afgreiðsla 78. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn Borgarbyggðar að samþykkja framlagt deiliskipulag skv. 42. gr. skipulagslaga 123/2010 með þeim lagfæringum sem gerðar voru eftir athugasemdir Skipulagsstofnunar. Lagfæringarnar breyta ekki auglýstri tillögu í grundvallaratriðum. Samþykkt samhljóða."

11. 2501199 - Lundur 3 (Inr. 179729) - Umsókn um framkvæmdarleyfi - skógrækt

Afgreiðsla 78. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja útgáfu framkvæmdaleyfis þar sem grenndarkynning hefur farið fram skv. 44. gr. skipulagslaga 123/2010. Lögð er fram athugasemd Náttúrufræðistofnunar og hefur framkvæmdaaðili svarað athugasemdinni með fullnægjandi hætti að mati nefndar. Samþykkt samhljóða."

12. 2505237 - Borgarbraut 47 mhl. 01 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Afgreiðsla 78. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila byggingarfulltrúa að taka til afgreiðslu byggingaráform þar sem grenndarkynning hefur farið fram skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Athugasemd hagsmunaaðila og svör hönnuðar við henni eru lögð fram. Nefndin telur að þessu hafi verið svarað fullnægjandi. Samþykkt samhljóða."

13. 2507076 - Vörðuberg - Umsókn um stofnun lóða

Afgreiðsla 78. fundar skipulags- og byggingarnefndar:

"Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að breyta stærð lóðar Vörðuberg lnr. 134917 úr 2,4ha í 37,7ha þegar merkjalýsandi hefur afmarkað lóðina í landeignaskrá HMS og skilað inn undirrituðum gögnum til sveitarfélagsins.

Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja að nýtt heiti á landareign verði Vörðuberg L134917. Samþykkt samhljóða."

Nýtt heiti á landareign lagt fram til samþykktar sveitarstjórnar.

14. 2404320 - Hraunsás III - umsókn um aðalskipulagsbreytingu - 204514

Afgreiðsla 78. fundar skipulags- og byggingarnefndar:

"Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að hafna staðfestingu aðalskipulagsbreytingarinnar þar sem gögn málsins eru ekki fullnægjandi. Nefndin leggur jafnframt til við sveitarstjórn að málið verði sett inn í endurskoðun aðalskipulags Borgarbyggðar 2025-2037 sem er í vinnslu og er áætlað að taki gildi í lok árs 2025. Samþykkt samhljóða."

15. 2508018 - Svæði fyrir frístundabændur með sauðfé

Afgreiðsla 78. fundar skipulags- og byggingarnefndar:

"Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að unnið verði deiliskipulag fyrir svæðið þar sem heimilt verði að byggja lítil gripahús fyrir frístundabúskap ásamt skilgreindu vor og haust beitar svæði. Samþykkt með 4 atkvæðum. (DS, EMJ, OJ, FA) einn sat hjá (KRS)."

16. 2508289 - Fjallskilaseðill 2025

Afgreiðsla frá fundi fjallskilanefndar Grímsstaðaréttar nr. 38: "Gerður fjallskilaseðill, yfirfarinn og sendur til Loga."

17. 2509027 - Fjallskil haustið 2025

Afgreiðsla frá fundi fjallskilanefndar Þverárréttar nr. 75: "Nefndin bregst við með því að taka út af seðlinum álagningu smölunar til Nesmelsréttar. Leiðréttast fjallskil samkvæmt því. Að öðru leiti stendur fyrri seðill óbreyttur en verður sendur út nýr og endurbættur seðill."

Þá liggur fyrir til samþykktar eftirfarandi afgreiðsla frá fundi nefndarinnar nr. 74: "Farið yfir fjallskil og raðað niður eins og hægt er. Mikil fækkun saufjár sem gerir það að verkum að miklar breytinar eiga sér stað. Fækkað hefur um rúmar 900 kindur frá árinu 2024 Heildarfjallskilakostnaður er 4.872.860. kr. Sem gerir 850 krónur pr. kind."

18. 2508148 - Álagning fjallskila 2025

Afgreiðsla frá fundi fjallskilanefndar Brekku- og Svignaskarðsréttar nr. 56: "Gengið frá fjallskilaseðli og starfsmanni falið að prenta hann og póstleggja. Lagt var á 1205 kindur og er það fækkun um 100 kindur frá fyrra ári."

19. 2509043 - Fjallskil 2025

Afgreiðsla frá fundi fjallskilanefndar Kaldárbakka- og Mýrdalsréttar nr. 33: "Jafnað

niður fjallskilum. Dagsverkin eru 68 og 76 kindur í dagsverkinu. Fjallskilagjald pr. kind er kr. 265.- Heildarfjöldi kinda 5143. Ákveðið var að dagsverkið væri metið á kr. 20.000.- Sé dagsverk ekki innt af hendi er lagt til að viðkomandi greiði dagsverkið með 50% álagi í fjallskilasjóð fyrir 1 desember 2025."

20. 2508284 - Álagning fjallskila Hítardalsréttar 2025

Afgreiðsla frá fundi fjallskilaneftdar Hítardalsréttar nr. 40: "Álagning fjallskila á fjáreigendur sem eru 11. Tala sauðfjár til fjallskila er 2116 samkvæmt haustskýrslum 2024-2025 uppgafið frá Borgarbyggð, fækkun um 276 fjár. Fjallskilagjald á kind ákveðið 850 kr. Heildarálagning 1.798.600 kr. Dagsverkið metið á 10.000 kr. Leitarstjóri í öllum afréttaleitum verður Gísli Guðjónsson. Jakob A. Eyjólfsson stjórnar leitum á Svarfhólmúla. Réttarsjóri í réttum verður Sigurjón Helgason."

Fundargerð

21. 2509001F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 719

- 21.1 2509013 - Staða verklegra framkvæmda 2025
- 21.2 2401014 - Vinnufundir sviðsstjóra og sveitarstjórnar
- 21.3 2401059 - Mælaborð um rekstur Borgarbyggðar
- 21.4 2509003 - Breytingar á Framkvæmdaráætlun Landsnets
- 21.5 2401233 - Snjómokstur í dreifbýli- Útboð 2025
- 21.6 2509019 - Hverfahleðslur On 2025 - samningur

22. 2508015F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 718

- 22.1 2409047 - Brákarbraut 25, gamla sláturhúsið - áætlun um niðurrif
- 22.2 2212062 - Ugluklettur - Stækkun
- 22.3 2508106 - Umsókn um stofnframlag frá Nemendagörðum búvísindadeildar LBHÍ
- 22.4 2503154 - Dagsetning byggðarráðsfundar
- 22.5 2505064 - Fjárhagsáætlun 2026
- 22.6 2508015 - Framkvæmd íbúakosninga - sameining við Skorradalshrepp
- 22.7 2410048 - Safnahús og menningarmál 2025
- 22.8 2508253 - Starfsmannamál

23. 2508010F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 717

- 23.1 2501024 - Jarðskjálftavirkni við Grjótárvatn
- 23.2 2508108 - Samstarfsyfirlýsing HVE og SSV um mannauð og starfsstöðvar
- 23.3 2203079 - Bjargsland og Kveldúlfshöfði - Gatnagerð og kostnaður
- 23.4 2311308 - Lýsing á leið milli hesthúshverfis og Einkunna
- 23.5 2404110 - Stígur upp frá Fitjum meðfram Snæfellsnesvegi
- 23.6 2506020 - Fyrirhuguð sala á fasteignum Háskólans á Bifröst
- 23.7 2508015 - Framkvæmd íbúakosninga - sameining við Skorradalshrepp
- 23.8 2506169 - Aðalfundur Þróunarfélags Grundartanga 2025
- 23.9 2507194 - Arðskrá Veiðifélags Langár

23.10 2504101 - Gjaldskrá úrgangspjónustu 2025

24. 2508018F - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd - 80

- 24.1 2508259 - Ráðgjöf í sorpmálum
- 24.2 2505100 - Netalagnir við Borgarnes
- 24.3 2508017 - Umsóknir um styrki úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða 2025
- 24.4 2508258 - Umhverfisviðurkenningar 2025
- 24.5 2503209 - Hreinsunarátök 2025
- 24.6 2508261 - Umhverfis- og landbúnaðarmál ágúst 2025
- 24.7 2509004 - Hundagerði við Kjartansgötu

25. 2508026F - Fjallskilanefnd Grímsstaðaréttar - 38

26. 2508024F - Fjallskilanefnd Hítardalsréttar - 40

27. 2509009F - Fjallskilanefnd Kaldárbakka - og Mýrdalsréttar - 33

- 27.1 2509043 - Fjallskil 2025
- 27.2 2509044 - Flýting Mýrdalsréttar 2025

28. 2508013F - Fjallskilanefnd Brekku - og Svignaskarðsréttar - 56

- 28.1 2508148 - Álagning fjallskila 2025
- 28.2 2508149 - Girðingar - 2025
- 28.3 2508150 - Styrkvegasjóður - úthlutun 2025

29. 2508021F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 78

- 29.1 2507076 - Vörðuberg - Umsókn um stofnun lóða
- 29.2 2505237 - Borgarbraut 47 mhl. 01 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi
- 29.3 2501199 - Lundur 3 (lnr. 179729) - Umsókn um framkvæmdaleyfi - skógrækt
- 29.4 2402234 - Jarðlangsstaðaland - Langárbyrgi L177317 - Nýtt deiliskipulag
- 29.5 2301040 - Stuttárbotnar - Húsafell 3 L134495 - Deiliskipulag
- 29.6 2508018 - Svæði fyrir frístundabændur með sauðfé
- 29.7 2404320 - Hraunsás III - umsókn um aðalskipulagsbreytingu - 204514

30. 2509004F - Fjallskilanefnd Þverárréttar - 74

- 30.1 2509027 - Fjallskil haustið 2025
- 30.2 2509028 - Girðingar
- 30.3 2509029 - Breytingar á launatöxtum vegna girðingarvinnu
- 30.4 2509030 - Framhald fjallskila og vinnu

31. 2509014F - Fjallskilanevnd Þverárréttar - 75

- 31.1 2509027 - Fjallskil haustið 2025
- 31.2 2509074 - Fundir fjallskilanevndar
- 31.3 2509075 - Hlið á afréttinum

09.09.2025

Stefán Broddi Guðjónsson, sveitarstjóri.